

Aðalfundur Skeljungs hf. – 20. mars 2018

Ályktunartillögur fyrir aðalfund félagsins.

1. Tillaga um fundarstjóra.

Tilnefningarnefnd Skeljungs leggur til að Viðar Lúðvíksson, hrl., verði kosinn fundarstjóri fundarins.

2. Tillaga um staðfestingu á ársreikningum félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningar félagsins fyrir árið 2017 verði samþykktir.

3. Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.

Í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins leggur stjórn þess til að greiddur verði arður vegna ársins 2017 sem nemur um 0,24 kr. á útistandandi hlut eða 500 milljónir króna, sem er 43,7% af hagnaði ársins 2017. Réttur hluthafa til arðgreiðslu verður miðaður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 22. mars 2018 (arðsréttindadagur). Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2017, verði 21. mars 2018, næsta viðskiptadag eftir aðalfund. Lagt er til að arður verði greiddur út þann 6. apríl 2018 (útborgunardagur).

4. Tillaga að starfskjarastefna félagsins verði óbreytt.

Stjórn félagsins leggur til að gildandi starfskjarastefna verði óbreytt.

5. Tillaga að þóknun stjórnarmanna, undirnefnda og endurskoðanda.

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytinga á þóknun til stjórnarformanns, varaformanns og meðstjórnenda í stjórn félagsins en þóknun til annarra verði óbreytt, þ.e.:¹

- a. Stjórnarformaður: 650.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- b. Varaformaður stjórnar: 450.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- c. Meðstjórnendur: 320.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- d. Formaður endurskoðunarnefndar: 100.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- e. Nefndarmaður endurskoðunarnefndar: 60.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- f. Formaður starfskjaranefndar: 60.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- g. Nefndarmaður starfskjaranefndar: 30.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- h. Formaður tilnefningarnefndar: 20.000 kr./klst. í verktöku
- i. Utanaðkomandi nefndarmaður tilnefningarnefndar: 20.000 kr./klst. í verktöku
- j. Stjórnarmaður í tilnefningarnefnd: 60.000 kr. eingreiðsla
- k. Endurskoðandi: samkvæmt reikningum

¹ Hluti af endurskipulagningu stjórna og nefnda samstæðunnar. Heildarlaun stjórnar og nefndarmanna lækka um 8,4%.



Skeljungur hf. | Aðalfundur 20. mars 2018

6. Tillögur tilnefningarnefndar að stjórn

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirtaldir frambjóðendur verði kjörnir í aðalstjórn Skeljungs:

- a. Birna Ósk Einarsdóttir
- b. Gunn Ellefsen
- c. Jens Meinhard Rasmussen
- d. Jón Diðrik Jónsson
- e. Baldur Már Helgason

7. Tillaga stjórnar að endurskoðanda

Stjórn leggur til að KPMG verði endurkjörið sem endurskoðunarfyrirtæki félagsins til næsta árs.

Reykjavík, 21. febrúar 2018

Stjórn Skeljungs hf.

